



24. júní 2010

FRÉTTATILKYNNING

EFTA-ríkin og Úkraínu undirrita fríverslunarsamning

Reykjavík — 24. júní 2010 — Ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss – og Úkraínu undirrituðu í dag fríverslunarsamning. Samningurinn er til þess fallinn að styrkja enn frekar en áður efnahagstengsl og ýta undir viðskipti og fjárfestingar milli aðila sammingsins.

Fríverslunarsamning EFTA og Úkraínu undirrituðu Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, Íslandi, Aurelia Frick, utanríkisráðherra, Liechtenstein, Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra, Noregi, Doris Leuthard, forseti Sambandsríkisins Sviss og yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandsríkisins, og Kostyantyn Gryshchenko, utanríkisráðherra, Úkraínu.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna og Úkraínu höfðu undirritað sameiginlega yfirlýsingu um samstarf árið 2000. Viðræður um fríverslunarsamning hófust í apríl árið 2009 og þeim lauk snemma í júní árið 2010.

Fríverslunarsamningur EFTA og Úkraínu hefur vítt gildissvið og tekur meðal annars til viðskipta með vörur (iðnvarning og unnar landbúnaðarafurðir, fisk og aðrar sjávarafurðir), þjónustuviðskipta, fjárfestinga, starfsemi til að greiða fyrir viðskiptum, samkeppni, verndar hugverkaréttar og opinberra innkaupa. Meðal samningsskjala, sem fríverslunarsvæði sammingsaðila verður byggt á, eru einnig tvíhliða samningar einstakra EFTA-ríkja og Úkraínu um verslun með landbúnaðarafurðir. Sett verður á stofn sameiginleg nefnd til að fylgjast með framkvæmd sammingsins og öðlast hann gildi þegar löggjafarþing EFTA-ríkjanna og Úkraínu hafa samþykkt hann.

Árið 2009 námu heildarvöruviðskipti milli EFTA-ríkjanna og Úkraínu 716 milljónum bandaríkjadala og skiptust þau í útflutning frá EFTA-ríkjunum til Úkraínu að fjárhæð 578 milljóna og innflutning að fjárhæð 138 milljóna. Árlegur meðalvöxtur vöruviðskiptanna var 18% á árunum 2003 til 2009. Þegar kemur að útflutningi er Úkraína þriðja mikilvægasta viðskiptaland EFTA-ríkjanna utan Evrópusambandsins. Undanfarin ár hefur einnig verið vöxtur á sviði þjónustuviðskipta og beinna fjárfestinga erlendis.

Í EFTA-ríkjunum búa aðeins 12 milljónir manna, en ríkin mynda saman tíunda stærsta vöruviðskiptaaðila heims og eru umsvifamikil á sviði þjónustuviðskipta og beinna fjárfestinga erlendis. Þau hafa nú gert 21 fríverslunarsamning við alls 30 samstarfsríki utan Evrópusambandsins.

Upplýsingar gefur:

Tore Grønningsæter

Upplýsinga- og fjölmiðlafulltrúi EFTA-skrifstofunnar

+32 2 286 17 19

tgr@efta.int
